

MÁLEFNI

Jafnréttismál

1)

Eiður Atli Axelsson

Framsöguerindi (3 mín.)

Virðulegur forseti.

Ég ávarpa ykkur hér í dag til þess að ræða slæma stöðu fatlaðs fólks í samfélaginu. Staða þessa þjóðfélagshóps er slæm en hefur versnað á síðastliðnum áratugum hvað varðar fjárhag, fordóma og samfélagsþátttöku.

Mætti rekja það til tveggja þátta: stigminnkandi fötlunarfræðslu í grunnskóla og skerðingar á örorkulífeyri. Fötlunarfræðsla í grunnskólum er því miður nánast engin og má rekja það til algjörs áhugaleysis skólastjórnenda til þess að í raun fylgja Aðalnámskrá grunnskóla. Það er ekki viðunandi og skora ég á hæstvartan mennta- og menningarmálaráðherra að láta gera úttekt í öllum grunnskólum landsins um hvort þeir framfylgi skyldum sínum í þessum efnum.

Einnig vil ég vekja athygli á því að það virðist vera að ef fatlað barn lendir í einelti í skóla sé sjaldnast sett af stað eineltisáætlun heldur málið þaggað niður og þolandinn tekinn út úr og látinn hverfa á þann veg að þolandinn er tekinn út úr bekknum og settur í sérbekk sem getur verið misskynsamlegt og er það sérstaklega algengt í tilvikum barna með líkamlegar fatlanir. Þetta ástand er óboðlegt og beini ég þeim tilmælum til mennta- og menningarmálaráðherra að kanna það hvernig og hvort grunnskólar fylgi eineltisáætlun og hvort áætlun sé í öllum tilvikum fylgt liggja fyrir grunur um einelti.

Ég talaði aðeins um skerðingu á örorkulífeyri hér áðan og nú ætla ég að tala meira um það. Árið 2008 var sett á svokölluð króna á móti krónu skerðing með reglugerð númer 878/2008. Sú skerðing fól það í sér að ef örorkulífeyrisþegi þénaði krónu yrðu afleiðingar þess að króna skyldi dregin frá bótum þess einstaklings. Svona heldur þetta áfram: þeni sá hinn sami þúsund krónur skulu þúsund krónur dregnar frá bótum þess einstaklings. Já, það er með ólíkindum að þessi reglugerð hafi yfirhöfuð verið samþykkt þar sem þessi skerðing felur það í sér að dregið

er úr hvata öryrkja til samfélagsþátttöku en það sem er furðulegra er að þessi reglugerð er enn í gildi í dag, árið 2019.

Allir ríkisstjórnarflokkarnir hafa lýst því yfir að þeir vilji afnema skerðingar á öryrkja. Sérstaklega var áberandi í þeim yfirlýsingum fyrir kosningar 2017 hún Katrín Jakobsdóttir, núverandi forsætisráðherra, en hún sagði: „Stjórnvöld eiga ekki að biðja fátækt fólk á Íslandi að bíða eftir réttlætinu. Núverandi áætlanir ríkisstjórnarinnar gera ráð fyrir því að öryrkjar og aldraðir eigi að halda áfram að hokra og búa við skammarleg kjör.“ Staðan er nákvæmlega eins í dag en áhugi fyrir breytingum virðist vera aðeins minni hjá hæstvirtum forsætisráðherra, nú tveimur árum síðar.

Hvers vegna ætli það sé? Það vekur einnig athygli mína að í ályktun velferðarnefndar á 43. landsfundi Sjálfstæðisflokksins stendur orðrétt: „Króna á móti krónu skerðing viðgengst ennþá hjá þeim sem eru á örorkulífeyri. Þá skerðingu ber að afnema nú þegar.“ Þið afsakið en ég bara fæ alls ekki skilið hvers vegna þessi skerðing viðgengst ennþá þrátt fyrir velvilja tveggja stjórnarflokka og í raun alls þingsins til að gera breytingar! Er það Framsóknarflokkurinn sem stendur í vegi fyrir svona mikilvægum og tímabærum breytingum? Ekki er það Sjálfstæðisflokkurinn sem er að eigin sögn mikill frelsisflokkur, ég skal leyfa þeim að eiga það, en gildir téð frelsi ekki um öryrkja?

Félagsmálaráðherra hefur boðað það að hann ætli að minnka skerðinguna í 65 auru á móti krónu. Mér finnst skondið að nú ætli ráðherra að vera svo rosalega örlátur að nú ætli hann sko ekki að éta alla pitsasneið öryrkja heldur skilur hann skorpuna eftir – þótt vissulega séu þetta breytingar í rétta átt. Ekki vill hann að við hrópum halelúja fyrir því?

Það er kominn tími til að við unga fólkið sameinumst gegn óréttlætinu sem fatlað fólk horfist í augu við daglega og krefjumst breytinga eigi síðar en í gær!

Með þessum orðum skora ég á hæstvirtan félagsmálaráðherra að afnema að fullu krónu á móti krónu skerðingu á öryrkja frá og með 1. janúar 2020.

2)

Iðunn Gunnsteinsdóttir

Andsvar (90 sek.)

Forseti.

Samkvæmt alþjóðasamtökum hinsegin fólks er Ísland í 16. sæti af öllum Evrópulöndum yfir réttindi hinsegin fólks. Til samanburðar vorum við í 6. sæti árið 2010. Þetta skýrist helst af því að önnur lönd hafa bætt sig á meðan Ísland hefur staðið í stað. Það afsakar ekki þá staðreynd að Ísland er að dragast aftur úr. Staða íslenskra hinsegin barna er heldur ekki góð þar sem þeim eru oft strítt af bekkjarsystkinum sínum og gagnrýnd af fullorðnum.

Finnst ykkur það í lagi?

Að vera maður sjálfur eru réttindi sem enginn má taka frá þér. Hins vegar eru ekki allir það heppnir að fá að vera þau sem þau eru. Þetta á ekki síst við um börn! Þegar 13 ára strákur segist vera samkynhneigður er hann oft spurður hvort hann sé ekki of ungur til að ákveða það en þegar 5 ára stelpa segist vera hrifin af strák þykir það sjálfsagt. Það sama á við um rétt barna til að skilgreina kyn sitt, oftast en ekki er lítið tillit tekið til þeirra barna, ekki síst í skólakerfinu. Þessu verður að breyta. Lög um um kynrænt sjálfræði eru stórt skref í rétta átt en auka þarf fræðslu og vitund almennings, sérstaklega þeirra sem vinna með börnum. Kynjafræði ætti að vera sjálfsagður partur af aðalnámskrá grunnskóla og námskeið fyrir kennara eru nauðsynleg.

Ég vil fá framtíð þar sem ég fæ að vera ég!

3)

Sigurbjörg Halldóra Halldórsdóttir

Andsvar (90 sek.)

Forseti.

Í dag ætla ég að fjalla um launajafnrétti kynjanna.

Eins og margt annað þá er launamunur kynjanna ekki eitthvað sem maður tekur eftir nema maður skoði það sérstaklega og fari að bera saman laun karla og kvenna. Í allt of mörgum tilvikum eru karlar með hærri laun en konur fyrir sömu vinnu. Það sem ég spyr sjálfa mig að er hvernig þetta byrjaði. Af hverju komu konur inn á vinnumarkaðinn og fengu lægri laun en karlar? Ég svo sem veit ekki fyrir víst hvers vegna en ég hef mínar hugmyndir um það og ég held að margir aðrir hafi þær líka. Á árunum 2008 til 2016 dróst launamunurinn saman um rúm 2 prósentustig og fór úr 6,6 prósentum í 4,5 prósent. Mér finnst 2,1 prósentustig allt of lítið á 8 árum og samkvæmt nýjustu rannsóknum Hagstofunnar sem voru gerðar árið 2017 er ennþá talsverður munur á launum kynjanna. Jafnvel þótt það sé ekki nema nokkrum krónum meira á tímann þá telur það.

Núna er 21. öldin og mér finnst að þetta ætti ekki að vera vandamál, konur ættu nú þegar að vera með sömu laun og karlar. Mér finnst vanta meiri fræðslu í grunnskóla um launajafnrétti og launaréttindi almennt til þess að ungt fólk sem er nýtt á vinnumarkaði viti sín réttindi þegar það byrjar að vinna. Ég veit ekki með ykkur en ég vil ekki vera á vinnumarkaði þar sem strákurinn við hliðina á mér fær meira borgað fyrir sömu vinnu bara af því að hann er strákur.

Takk fyrir mig.

4)

Áróa Vigdísardóttir

Andsvar (90 sek.)

Forseti.

Í dag ætla ég að fjalla um jafnrétti innflytjenda á vinnumarkaði og í menntun.

Samkvæmt Hagstofu Íslands eru laun innflytjenda 8% lægri en laun innlendra fyrir sömu vinnu. Þessi rannsókn var gerð á störfum sem innflytjendur vinna en þeir eru margir í láglaunastörfum. Það er ekki nóg með það heldur sýnir rannsóknin að því fjær Íslandi sem fólk er því lægri laun fær það þar sem innflytjendur frá Vestur-Evrópu fá 4% lægri laun og innflytjendur frá Asíu fá 7% lægri laun. Launamunurinn ætti ekki að vera svona mikill, hann ætti ekki að vera neinn. Það ætti ekki að vera hægt að mismuna fólki eftir uppruna.

Ekki er nóg með það að innflytjendur fái störf sem eru lægra launuð heldur fá innflytjendur ekki heldur störf miðað við sína menntun. Lækni getur verið neitað um vinnu í spítalanum bara fyrir það að vera innflytjandi. Þeim innflytjendum sem koma hingað sem börn eru ekki heldur gefin tækifæri til að mennta sig og hugsanlega komast yfir þessar staðreyndir þar sem samkvæmt Hagstofu Íslands hætta 62% innflytjenda í framhaldskóla miðað við 26% innlendra.

Við þurfum að breyta lögum þannig að þau verndi innflytjendur en það er ekki nóg að breyta lögum, við þurfum að breyta viðhorfi okkar til innflytjenda.

5)

Valdís María Sigurðardóttir

Andsvar (100 sek.)

Forseti.

Ég vil sjá jafnrétti kynja í íþróttum.

Þú kastar eins og stelpa! Er það niðrandi eða er það hrós? Þetta er oft sagt til að særa fólk en það þarf að breytast. Stelpur eru að gera framúrskarandi hluti í íþróttum úti um allan heim í t.d. fótbolta, handbolta, körfubolta, crossfit og spjótkesti! Það hlýtur þá að vera hrós að segja að þú kastir eins og stelpa. Hvað annað getur það verið? Ég vona að allir hér séu sammála mér um að það.

Hrósum stelpum til jafns við stráka og hvetjum bæði kynin jafnmikið. Það á að vera jafnstór frétt að kvennalandsliðið komist á EM og að karlar komist þangað. Mér fannst frábært að sjá alla ánægjuna og umfjöllunina um að karlalandsliðið í fótbolta hefði komist á EM 2016. En það særir mig að konurnar höfðu þegar afrekað þetta þrisvar og ekki fengið athygli í námunda við það sem gerist hjá körlunum. Lögum þetta.

Þarna skiptir umfjöllun líka öllu máli. Sjónvarpsstöðvar á Íslandi sýna frá þýska handboltanum, NBA og ensku deildinni í fótbolta – en ég man ekki eftir umfjöllun um kvennaliðin í þessum deildum. Aðeins 13% íþróttafréttu í Evrópu eru um konur. Það er

sorgleg staðreynd og því þarf að breyta. Núna er reyndar verið að sýna frá HM kvenna 2019 í fótbolta í beinni á RÚV sem er mjög jákvætt.

Launamunur milli kynja í íþróttum er líka mjög mikill, þar sem leikmaður eins og Wayne Rooney getur fengið 48 milljónir á viku í samanburði við hætlaunaða kvenkyns leikmanninn, Mörtu Vieira, sem fékk 780 þúsund á viku árið 2016. Þetta er náttúrulega ekki í lagi. Við þurfum að laga þetta. Stelpur eiga skilið sömu laun og athygli og strákar fyrir sömu afrek í íþróttum. Afrekin eru jafnstór og merkileg. Kennum ungu fólki að íþróttir allra og afrek eigi skilið umfjöllun, áhuga og virðingu.

Takk kærlega fyrir mig!